

Umsögn dómnefndar
skv. 4. gr. a laga nr. 15/1998 um dómstóla
um umsækjendur um tvö embætti hæstaréttardómara
sem auglýst voru laus til umsóknar 5. júlí 2012

Reykjavík 20. september 2012

1. Umsækjendur um hið auglýsta dómaraembætti

Með bréfi 8. ágúst 2012 fór innanríkisráðuneytið þess á leit við dómnefnd skv. 1. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998 um dómstóla, með síðari breytingum, að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um embætti tveggja hæstaréttardómara sem auglýst voru laus til umsóknar 5. júlí 2012 í Lögbirtingablaði. Um embættið sóttu þau Aðalheiður Jóhannsdóttir, prófessor, Arnfríður Einarsdóttir, héraðsdómari, Ása Ólafsdóttir, lektor, Benedikt Bogason dómstjóri og settur hæstaréttardómari, Helgi I. Jónsson, dómstjóri, Brynjar Níelsson, hæstaréttarlögmaður, og Ingveldur Þ. Einarsdóttir, héraðsdómari. Með bréfi 20. ágúst 2012 dró Aðalheiður Jóhannsdóttir umsókn sína til baka.

Svohljóðandi ákvæði er að finna í 3. mgr. 4. gr. laga nr. 15/1998: „Í embætti hæstaréttardómara má ekki skipa þann sem er eða hefur verið í hjúskap við dómara sem þar er skipaður fyrir eða skyldur slíkum dómara eða mægður að feðgatali, niðjatali eða öðrum lið til hliðar.“ Í 3. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998 er m.a. kveðið á um að því aðeins megi skipa umsækjanda í embætti dómara að hann fullnægi að mati dómnefndar öllum skilyrðum 2. og 3. mgr. 4. gr. laganna. Það er álit dómnefndar að allir ofangreindir umsækjendur fullnægi skilyrðum 2. mgr. þeirrar greinar. Tveir umsækjenda, Arnfríður Einarsdóttir og Brynjar Níelsson, eru hjón. Samkvæmt 3. mgr. greinarinnar má því ekki skipa þau samtímis í embætti hæstaréttardómara. Á meðan hvorugt þeirra hefur verið skipað í embætti fullnægir hvort þeirra um sig hins vegar þeim skilyrðum sem þar eru greind. Verður því lagt mat á hæfni þeirra, hvors fyrir sig, til að gegna því embætti.

Umsögn dómnefndar um umsækjendur fer hér á eftir.

2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998 skal dómnefnd láta dómsmálaráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti hæstaréttardómara. Samkvæmt ákvæðinu skal í umsögn dómnefndar tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna.

Í athugasemdum við 2. gr. frumvarps þess, er varð að 2. mgr. 4. gr. a dómstólalaga, segir m.a. svo: „Við mat á hæfni dómaraefna er til margra atriða að líta, svo sem starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málflutnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórnarsýslunnar, en almennt verður umsækjandi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennt verður að telja umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa fjölbreyttri starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómnefndinni er einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Er í því skyni unnt að líta til fræðiritra, reynslu umsækjanda af málflutningi eða þeirra dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.“

Í lok 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/2008 kemur fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf nefndarinnar. Ráðherra setti reglur nr. 620/2010 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjanda um dómaraembætti. Í 4. gr. reglnanna er fjallað um sjónarmið sem nefndin skal byggja mat sitt á og segir þar svo:

„4. gr.

Sjónarmið sem mat dómnefndar skal byggt á.

Í umsögn dómnefndar skal tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi eða umsækjendur séu hæfastir til þess að hljóta umrætt dómaraembætti. Dómnefnd skal gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnræði sé í heiðri haft. Niðurstaðan skal byggð á heildstæðu mati á grundvelli málefnalegra sjónarmiða og skal þar byggt á verðleikum umsækjanda með hliðsjón af menntun og reynslu, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi, eins og nánar greinir m.a. hér á eftir:

1. *Menntun, starfsferill og fræðileg þekking.* Við mat á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu skal dómnefndin miða við að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómstörfum,

málflutningi eða öðrum lögmansstörfum, störfum innan stjórnarsýslunnar eða fræðistörfum. Miðað skal við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun. Þá skal litið til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám.

2. *Aukastörf og félagsstörf.* Dómnefnd ber einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Loks er heimilt að líta til víðtækrar þátttöku í félagsstarfi.

3. *Almenn starfshæfni.* Við mat á almennri starfshæfni skal litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Æskilegt er að hann hafi reynslu af stjórnun. Umsækjandi skal hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.

4. *Sérstök starfshæfni.* Mikilvægt er að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

5. *Andlegt atgervi.* Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð er krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.“

Í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breyting á lögum nr. 15/1998, er áréttað að í öðrum lögum sé einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnarsýslulögum, nr. 37/1993, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar skulu allir vera jafnir fyrir lögum og í 2. mgr. hennar segir orðrétt: „Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.“

Í 1. mgr. 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 er tekið fram að við úrlausn mála skuli stjórnvöld gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti. Ákvæði þetta er áréttað í upphafi 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 620/2010 sem rakið er hér að framan. Í 2. mgr. 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 kemur fram ákvæði um bann við mismunun þar sem

talin eru upp sjónarmið sem ekki má líta til við mat á því hvaða umsækjandi geti talist hæfastur til að gegna starfanum. Í ákvæðinu segir: „Óheimilt er að mismuna aðilum við úrlausn mála á grundvelli sjónarmiða byggðum á kynferði þeirra, kynþætti, litarhætti, þjóðerni, trúarbrögðum, stjórnmalaskoðunum, þjóðfélagsstöðu, ætterni eða öðrum sambærilegum ástæðum.“

Markmið laga nr. 10/2008 er m.a. að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni, sbr. 1. gr. þeirra. Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laganna skal starf, sem laust er til umsóknar, standa opið jafnt konum sem körlum og í 1. mgr. 24. gr. þeirra er kveðið svo á um að hvers kyns mismunun á grundvelli kyns, hvort heldur bein eða óbein, sé óheimil. Samkvæmt 2. tölul. 2. gr. laganna telst það óbein mismunun þegar hlutlaust skilyrði, viðmið eða ráðstöfun kemur hlutfallslega verr við annað kynið nema slíkt sé viðeigandi, nauðsynlegt eða réttlætanlegt vegna hlutlægra þátta óháð kyni. Þá ber þess að gæta að Hæstiréttur hefur talið að lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla yrðu þýðingarlítill, nema meginreglur þeirra við að stemma stigu við mismunun séu skýrðar svo að konu skuli veita starf ef hún er að minnsta kosti jafnt að því komin, að því er varðar menntun og annað sem máli skiptir, og karl sem við hana keppir, ef á starfssviðinu eru fáar konur, sbr. dóma réttarins H 1993, 2230, H 1996, 3760, H 1998, 3599 og H 2006, 4891. Á þetta sjónarmið reynir að álit nefndarinnar við ákvörðun ráðherra um veitingu dómaraembættis hafi dómnefnd metið tvo eða fleiri umsækjendur jafnhæfa til að gegna því.

Þess má að lokum geta að í almennum athugasemdum við frumvarp það, sem varð að lögum nr. 45/2010 um breyting á lögum nr. 15/1998, er minnt á að í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda kemur fram að allar ákvarðanir um skipun og starfsframa dómara eigi að vera byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og byggjast á verðleikum, með hliðsjón af hæfi, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi. Upphafsákvæði 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 620/2010 eru byggð á þessum tilmælum.

3. Um málsmeðferð dómnefndar

Hinn 8. ágúst 2012 sendi dómnefnd umsækjendum bréf og óskaði eftir því að þeir gerðu strax athugasemdir við sérstakt hæfi dómnefndarmanna teldu þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Með bréfi, sem barst 13. ágúst 2012 gerði einn þeirra, Brynjar Níelsson, þá kröfu að formaður dómnefndar, Eiríkur Tómasson, viki sæti við meðferð málsins skv. 6. tölul. 1. mgr. 6. gr. stjórnslulaga vegna þess að tveir umsækjenda væru settir dómarar við Hæstarétt og því samstarfsmenn hans. Á fundi nefndarinnar 16. ágúst 2012 hafnaði hún kröfunni með rökstuddum hætti, m.a. á grundvelli þeirrar meginreglu í stjórnslurétti að starfsmaður verði ekki vanhæfur til meðferðar máls af þeirri ástæðu einni að samstarfsmaður hans sé málsaðili. Í samræmi við 4. mgr. 6. gr. stjórnslulaga kom formaður ekki að þeirri ákvörðun. Ekki komu fram aðrar athugasemdir við sérstakt hæfi dómnefndarmanna og þeim er heldur ekki kunnugt um að neinar ástæður séu fyrir hendi sem valda vanhæfi þeirra í máli þessu.

Dómnefnd átti viðtöl við umsækjendur dagana 3. og 5. september 2012.

Í athugasemdum við 2. gr. frumvarps þess, er varð að 2. mgr. 4. gr. a dómstólalaga, segir m.a. að dómnefnd sé einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Samkvæmt 5. gr. reglna nr. 620/2010 getur dómnefnd aflað vitneskju um starfsferil umsækjanda hjá fyrri vinnuveitendum hans og öðrum, sem hafa átt samskipti við umsækjanda vegna starfa hans. Á grundvelli þessa ákvæðis fór nefndin þess á leit við þá, sem umsækjendur höfðu gefið upp sem meðmælendur, að þeir svöruðu tilteknum spurningum um hæfni umsækjenda. Umsækjendum var síðan veitt færi á að tjá sig um svörin.

Eins og áður segir fór innanríkisráðuneytið þess á leit við dómnefnd 8. ágúst 2012 að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um embætti hæstaréttardómara sem auglýst var laust til umsóknar 5. júlí 2012 í Lögbirtingablaði. Barst nefndinni bréfið samdægurs eða 8. ágúst 2012. Hinn sex vikna afgreiðslufrestur nefndarinnar

skv. 9. gr. reglna nr. 620/2010, sbr. 8. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, reiknast því frá síðarnefndum degi til 19. september 2012.

4. Almennar upplýsingar um umsækjendur

Hér á eftir verður næst reifað stutt ágríp um menntun og reynslu hvers umsækjanda um sig, en 5. kafli hefur að geyma mat dómnefndar á umsækjendum og samanburð á þeim á grundvelli þeirra meginsjónarmiða sem reifuð voru í kafla 2.

Arnfríður Einarsdóttir er fædd 1. apríl 1960 og er því 52 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands vorið 1986. Í upphafi árs 2000 hóf hún nám í opinberri stjórnarsýslu og stjórnun við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og útskrifaðist þaðan með diplómagráðu 2001. Þá hefur hún sótt ýmis styttri námskeið á vegum Endurmenntunarstofnunar, auk annarra námskeiða um lögfræðileg efni. Árið 1986 hóf umsækjandinn störf sem lögfræðingur í þinglýsingadeild embættis yfirborgarfégetans í Reykjavík vorið 1986 og starfaði þar fram í september það ár þegar hún réðist til starfa sem fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík. Við það embætti starfaði hún til 1. júlí 1992, síðustu árin sem aðalfulltrúi þess. Hún hóf störf sem dómarafulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur árið 1993 og gegndi því starfi til 1998. Þá varð hún aðstoðarmaður dómara við dómstólinn og gegndi því starfi þar til hún var ráðin skrifstofustjóri hans snemma árs 1999. Á árunum 1992–2006 var hún allnokkrum sinnum sett héraðsdómari við Héraðsdóm Norðurlands vestra, Héraðsdóm Reykjavíkur og Héraðsdóm Suðurlands eða samtals í tæp fjögur ár. Hún var skipuð héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjaness 1. febrúar 2006, en frá 1. maí 2010 hefur hún verið héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur. Síðla árs 2010 var hún skipuð forseti Félagsdóms. Umsækjandinn átti sæti í úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar á árunum 1998–2010 og í dómstólaráði 2006–2010. Hún var formaður málskotsnefndar Lánasjóðs íslenskra námsmanna árin 1997–2010 og hefur síðustu ár verið fulltrúi Íslands í starfi nefndar á vegum Evrópuráðsins sem ber heitið *The European Commission for the Efficiency of Justice*. Þá hefur hún um árabil setið í ýmsum ráðum og nefndum á vegum þjóðkirkjunnar, þ. á m. í kenningarnefnd þjóðkirkjunnar, stjórn Prestssetrasjóðs og stjórn Hins íslenska biblíufélags, þar sem hún gegnir stöðu varaforseta. Hún var formaður stjórnar launasjóðs stórmeistara í

skák um nokkurra ára skeið. Loks annaðist hún í tvö misseri kennslu í verslunarrétti við Ritaraskólann.

Ása Ólafsdóttir er fædd 1. september 1970 og er því 42 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands vorið 1996 og stundaði framhaldsnám við Cambridgeháskóla í Bretlandi 1999–2000 þáðan sem hún lauk meistaraprófi í lögum. Hún öðlaðist réttindi til að flytja mál sem héraðsdómslögmaður 6. febrúar 1998 og sem hæstaréttarlögmaður 16. desember 2005. Árin 1996–1997 starfaði umsækjandinn sem fulltrúi á lögmannsstofu. Á árunum 1998–2011 var hún sjálfstætt starfandi lögmaður og rak þá lögmannsstofu í félagi við aðra. Hún var einn af lögmonnum *Neyðarmóttöku vegna nauðgunar* á árunum 2003–2008. Ása var aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra, síðar dómsmála- og mannréttindaráðherra, um eins og hálfis árs skeið á árunum 2009–2010. Á þeim tíma tók hún þátt í starfi ýmissa sérfræðihópa á vegum ráðuneytisins. Árin 2003–2007 átti hún sæti í kærunefnd jafnréttismála, og var formaður áfrýjunarnefndar neytendamála 2005–2011. Frá árinu 2006 hefur hún verið varaformaður úrskurðarnefndar hollustuhátta og mengunarvarnamála, frá 2010 formaður úrskurðarnefndar um félagsþjónustu og húsnæðismál og frá 2011 varaformaður eftirlitsnefndar fasteignasala. Nýverið varð hún formaður gjafsóknarnefndar. Þá átti hún sæti í stýrihópi um velferðarvaktina 2009 og var sama ár skipuð í starfshóp sem falið var að kanna hvort unnt væri að hefja og reka skaðabótamál á hendur lögaðilum eða einstaklingum sem hefðu valdið ríkinu eða almenningi í landinu fjárhagslegu tjóni með athöfnum sínum í aðdraganda og kjölfar bankahrunsins. Umsækjandinn hefur verið kennari við lagadeild Háskóla Íslands frá árinu 2004, þar af lektor í hlutastarfi 2006–2008, en síðan í fullu starfi frá 2008, að undanskildum þeim tíma meðan hún gegndi starfi aðstoðarmanns ráðherra. Kennslugreinar hennar hafa einkum verið á sviði réttarfars og fjármunaréttar, jafnt í grunnnámi sem meistaranámi, þar af hafa aðalkennslugreinarnar verið samningaréttur og skuldaskilaréttur. Auk þess hefur hún verið umsjónarmaður BA-ritgerða og leiðbeinandi fjölda nemenda við ritun meistararitgerða. Hún hefur einnig kennt við aðra háskóla, þ. á m. við Viðskiptaháskólann á Bifröst, Háskólann í Reykjavík og ULL-háskólann á Spáni fyrr á þessu ári. Þá hefur hún um árabíl annast kennslu á námskeiðum til öflugunar réttinda til málflutnings fyrir

héraðsdómi, löggildingarnámskeiðum fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala, réttindanámskeiði fyrir þá, er öðlast vilja löggildingu sem bifreiðasalar, og réttindanámskeiði fyrir löggildingu verðbréfasala. Að auki hefur hún kennt á sérstöku réttindanámskeiði í rekstrar- og viðskiptafræðinámi Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands, auk þess sem hún hefur sinnt kennslu á smærri námskeiðum á vegum ýmissa aðila. Umsækjandinn hefur ritrýnt fræðilega bókakafla og fræðigreinar sem birst hafa í *Lögréttu* og *Úlfljóti* og verið skipuð prófdómari við meistaraþrófsvarnir við lagadeildir Háskólans á Bifröst og Háskólans í Reykjavík. Hún hefur unnið skýrslur og álit af ýmsum toga. Meðal annars samdi hún, ásamt öðrum, skýrslu fyrir hönd Lagastofnunar Háskóla Íslands um stöðu íslensks neytendaréttar og var skýrslan gefin út 2008 með heitinu *Ný sókn í neytendamálum. Staða neytenda á Íslandi*. Þá vann hún, ásamt öðrum, skýrslu fyrir innanríkisráðuneytið um millidómstig. Einnig var hún tilnefnd af Háskóla Íslands til þess að gera, ásamt öðrum, úttekt á aðstæðum núverandi fjárhagslegrar stöðu Orkuveitu Reykjavíkur og er skýrsla um þá úttekt væntanleg innan skamms. Í umsókn sinni greinir umsækjandinn frá 11 ritverkum sínum um lögfræðileg efni, þar af eru tvær bækur, en flest ritverkin hafa birst í tímaritum, þar af ein grein í norrænu tímariti, safnritum og afmælisritum. Önnur bókin er *Neytendaréttur* (2009), samin ásamt Eiríki Jónssyni, og er á sviði neytendaréttar eins og heiti hennar ber með sér. Hin bókin er *Handbók um gjaldþrotaskipti* (2011), en þar er um að ræða aðra uppfærða útgáfu á bók sem hafði upphaflega verið samin af öðrum. Sex af fræðigreininum eru ritrýndar tímaritsgreinar. Fjórar greinanna eru á sviði samningaréttar, þrjár á sviði skuldaskilaréttar, ein á sviði refsiréttar og skaðabótaréttar og loks ein sem fjallar um réttaráhrif varnarþingssamninga samkvæmt ákvæði í Lúganósamningnum og er því á mörkum alþjóðlegs einkamálaréttar og réttarfars. Auk þess getur umsækjandinn um átján fyrirlestra og erindi sem hún hefur haldið á fundum, ráðstefnum og málþingum. Umsækjandinn hefur átt sæti í ýmsum nefndum og ráðum á vegum Háskóla Íslands, þ. á m. situr hún nú í stjórn styrktarsjóða skólans. Árin 2008–2009 sat hún í stjórn Nýja Glitnis hf. Árið 2009 var hún skipuð í starfshóp sem síðar samdi frumvarp um sanngirnishættur vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn er varð að lögum nr. 47/2010. Fyrr á þessu ári var henni falið af mennta- og menningarmála-

ráðherra að stýra IMMI verkefninu á grundvelli þingsályktunar Alþingis um tjáningarfrelsi. Frá árinu 2008 hefur hún setið í stjórn styrktarsjóðsins *Þú getur!* sem ætlað er að veita námsstyrki til þunglyndra og þeirra sem þjást af geðröskunum. Þá sat hún í yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar norður 2007–2009. Fyrr á þessu ári var hún síðan skipuð í réttarfarsnefnd. Hún átti sæti í laganefnd Lögmannafélags Íslands 2005–2008. Þá situr hún í ritstjórn Lagasafns og hefur verið ritstjóri þess frá 2011. Loks lætur umsækjandinn þess getið að hún hafi komið að gerð fjölda lagafrumvarpa, m.a. meðan hún gegndi starfi aðstoðarmanns ráðherra.

Benedikt Bogason er fæddur 30. mars 1965 og er því 47 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands 1990. Að loknu embættisprófi hóf umsækjandinn störf sem fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði og sýslumannsins í Kjósarsýslu og gegndi þeim til 1. júlí 1992 þegar hann varð fulltrúi sýslumannsins í Hafnarfirði og starfaði þar uns hann hóf störf sem dómarafulltrúi við Héraðsdóm Reykjaness undir lok þess árs. Því starfi gegndi hann til 1995. Hann fékk leyfi frá störfum við dóminn í árslok 1993 og starfaði þá um tveggja mánaða skeið hjá umboðsmanni Alþingis. Á árabílinu 1995–1997 var hann aðstoðarmaður hæstaréttardómara. Á árunum 1997–2001 var hann skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og stýrði lagaskrifstofu ráðuneytisins. Hann var skipaður héraðsdómari 1. júlí 2001 og frá 1. desember 2003 hefur hann verið dómstjóri Héraðsdóms Vesturlands, en fékk leyfi frá störfum og var settur hæstaréttardómari 1. nóvember 2011. Áður hafði hann tekið sæti sem varadómari í réttinum í allnokkrum málum. Hann var jafnframt varadómari við EFTA-dómstólinn í Lúxemborg 2007–2012 og tók þar sæti í tveimur málum. Þá hefur hann setið sem dómari í Landsdómi. Umsækjandinn hefur átt sæti í fjölmörgum nefndum á sviði réttarfars, refsiréttar, fjármunaréttar og barnaverndar. Hann var formaður nefndar samkvæmt lögum nr. 65/1996 um greiðsluaðlögun 1996–1998. Hann sat í norrænni nefnd sérfræðinga 2010 til að fjalla um hvort efni væru til að gera norrænan samning um skuldaaðlögun. Árin 1997–2012 var hann ritari réttarfarsnefndar, en fyrr á þessu ári var hann skipaður starfsmaður hennar. Hann átti sæti í dómstólaráði 2007–2012. Í apríl 2010 sat hann í starfshópi til að gera tillögur að breytingum á sakamálaréttarfari og réttarreglum, því tengdu, með það að markmiði að hraða meðferð mála. Þá átti hann sæti í vinnuhópi

2010–2011 til að meta þörfina á því að koma á fót millidómstigi sem tæki bæði til sakamála og einkamála. Hann var formaður refsiréttarnefndar 1997–2003 og var árið 1998 skipaður í nefnd til að endurskoða þágildandi reglugerð um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum. Hann varð sama ár formaður samstarfsnefndar ráðuneyta til að fjalla um málefni ungra afbrotamanna og ritari nefndar til að gera tillögur um kerfisbundna skráningu tölfræðiupplýsinga um sakamál og rannsaka þróun viðurlaga tiltekinna brotategunda. Þegar hann starfaði sem skrifstofustjóri dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, 1997–2001, tók hann þátt í starfi vinnuhóps norrænu dómsmálaráðuneytanna um refsirétt. Á sama tímabili sótti hann einnig árlega fundi stýrinefndar Evrópuráðsins um afbrotamálefni. Umsækjandinn átti sæti í kærunefnd húsaleigumála 1995–2010. Frá árinu 1997 hefur hann nokkrum sinnum verið kvaddur til setu í matsnefnd eignarnámsbóta. Árið 2001 tók hann sæti í skaðabótanefnd, sem starfaði á grundvelli laga um lagagildi varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, nr. 110/1951. Hann varð formaður nefndarinnar árið 2004 og gegndi því starfi þar til nefndin var lögð niður 2008. Frá árinu 2003 hefur hann verið varamaður í óbyggðanefnd og á þeim tíma tekið þátt í umfjöllun fjölda mála sem hafa verið til meðferðar hjá nefndinni. Umsækjandinn tók sæti í barnaverndarnefnd Reykjavíkur árið 1990 og var formaður nefndarinnar 1991–1998. Þá var hann skipaður 1999 í starfshóp til að leggja mat á meðferðarúrræði unglunga. Frá árinu 2002 hefur hann verið varaformaður kærunefndar barnaverndarmála og nokkrum sinnum tekið sæti í henni. Á árunum 2001–2004 sat hann í nefnd til að fylgja eftir umbótum á innleiðingu EES-gerða og vera til ráðgjafar um hvers kyns álitaeftir sem upp koma við lögleiðingu slíkra gerða. Loks var hann formaður endurskoðendaráðs 2003–2008 og útvarpsréttarnefndar 2004–2011. Umsækjandinn hefur verið kennari við lagadeild Háskóla Íslands samfelld frá árinu 1993. Hann var ráðinn aðjúnkt við deildina 1998, lektor í hlutastarf 2002 og frá 2005 hefur hann verið í hálfu starfi sem dósent við deildina. Kennslugreinar hans hafa verið á sviði kröfuréttar og réttarfars í grunnnámi, auk þess sem hann hefur kennt kjörgreinar á þeim réttarsviðum í meistaranámi. Frá árinu 2003 hefur hann haft umsjón með kjörgreinunum *Fullnusturéttarfær* og *Skuldaskilaréttur*. Þá hefur hann verið leiðbeinandi fjölda nemenda við ritun kandidats- og meistaraaritgerða. Hann kenndi í nokkur skipti á árunum 1996–

2002 á námskeiðum fyrir lögfræðinga um reglur um kröfuábyrgðir og á námskeiðum til undirbúnings fyrir þá sem þreyttu próf til að öðlast starfsréttindi sem verðbréfamíðlarar á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands. Í umsókninni greinir umsækjandinn frá 16 útgefnum ritverkum sínum um lögfræðileg efni, þar af eru þrjár bækur, en flest ritverkin hafa birst í tímaritum, safnritum, afmælisritum og útgefnum skýrslum. Bækurnar eru *Dómar um kröfuábyrgð 1886-2003* (2004), *Kröfuréttur I – Efnidir kröfu* (2009) og *Kröfuréttur II – Vanefndaúrræði* (2012). Bækurnar eru allar á sviði kröfuréttar og eru tvær þær síðastgreindu samdar ásamt Þorgeiri Örlygssyni og Eyvindi G. Gunnarssyni. Sex af fræðigreininum eru ritrýndar tímaritsgreinar. Sjö greinanna eru á sviði kröfuréttar, tvær á sviði refsiréttar og fjórar á sviði réttarfars. Auk þess getur umsækjandinn um fjóra fyrirlestra og erindi, sem hann hefur haldið á fundum, ráðstefnum og málþingum. Umsækjandinn var formaður stjórnar Félagsstofnunar stúdenta á árunum 1990–1992. Hann hefur átt sæti í skólanefnd Menntaskólans við Hamrahlíð frá árinu 1989, þar af sem formaður frá 2000. Hann átti sæti í stjórn Lögfræðingafélags Íslands á árabílinu 1994–2008 og var formaður félagsins 2005–2008. Hann var formaður stjórnar sjóðsins *Samhugur í verki*, styrktarsjóðs fórnarlamba náttúruhamfara, 1998 – 2001. Frá 1998 hefur hann átt sæti í stjórn Félagsbústaða hf. Loks átti hann sæti í stjórn Dómarafélags Íslands 2003–2009. Umsækjandinn getur um fjölmörg lagafrumvörp, sem hann hefur samið, annaðhvort einn eða með öðrum, þar á meðal á vegum nefnda þar sem hann hefur setið. Þannig átti hann árin 1997–2000 sæti í nefnd til að endurskoða lög um skipströnd og vogrek og árið 2001 sæti í vinnuhópi til að semja frumvarp til laga um fullnustu refsinga.

Brynjar Níelsson er fæddur 1. september 1960 og er því 52 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands vorið 1986. Hann hefur sem lögmaður sótt námskeið á vegum Lögmannafélags Íslands og annarra aðila. Hann öðlaðist réttindi til að flytja mál sem héraðsdómslögmaður 31. október 1989 og sem hæstaréttarlögmaður 15. apríl 1998. Árið 1986 hóf umsækjandinn störf sem fulltrúi hjá yfirborgarfélaginu í Reykjavík og starfaði þar til hausts 1991. Frá þeim tíma hefur hann verið sjálfstætt starfandi lögmaður og rekið eigin lögmannsstofu, ýmist einn eða í samstarfi við aðra. Árin 2010–2012 sat hann í dómnefnd til að meta hæfni umsækjenda um embætti héraðs- og hæstaréttardómara. Þá átti hann sæti í yfir-

kjörstjórn Reykjavíkurrkjördæmis suður 2005–2009. Umsækjandinn var stundakennari í refsirétti og sakamálaréttaritari í meistaranámi við Háskólann á Bifröst á árunum 2007–2010. Hann hefur flutt fræðilega fyrirlestra við lagadeildir Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík og Háskólans á Akureyri. Einnig hefur hann verið leiðbeinandi og prófdómari við ritun BA-ritgerða og meistararitgerða. Þá hefur hann kennt sakamálaréttarfar á námskeiðum til öflunar réttinda til málflutnings fyrir héraðsdómi og annast kennslu á námskeiði á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands um skipti á dánarbúum. Umsækjandinn var formaður Lögmannafélags Íslands á árunum 2010–2012 og sat í laganefnd félagsins 1995–1997. Hann sat í stjórn Tinda-Verðbréfa hf., sem sameinaðist Auði Capital hf. fyrir á þessu ári, og situr enn í stjórn eignarhaldsfélagsins Tinda hf. Einnig hefur hann setið tímabundið í stjórnnum annarra félaga í tengslum við lögmannstörf sín. Að ósk þáverandi dómsmálaráðherra tók umsækjandinn ásamt tveimur öðrum sæti í nefnd til að vera ráðherra til ráðgjafar vegna frumvarps til nýrra laga um meðferð sakamála sem síðar varð að lögum nr. 88/2008. Að beiðni innanríkisráðherra samdi hann nýlega, sem formaður Lögmannafélagsins, ásamt öðrum stjórnarmönnum, frumvarp til breytinga á lögum um lögmenntun. Umsækjandinn hefur starfað mikið fyrir íþróttahreyfinguna, m.a. setið í áfrýjunardómstól Knattspyrnusambands Íslands og laganefnd Handknattleikssambands Íslands. Þá hefur hann sinnt trúnaðarstörfum fyrir knattspyrnufélagið *Val* og setið í stjórnnum knattspyrnu- og körfuknattleiksdeildar þess.

Helgi I. Jónsson er fæddur 23. apríl 1955 og er því 57 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði vorið 1980. Hann hefur auk þess sótt ýmis endurmenntunarnámskeið á vegum Dómarafélags Íslands, dómstólaráðs, Samstarfsnefndar um símenntun fyrir dómara á Norðurlöndum (SEND) og Norræna réttarfarssambandsins. Umsækjandinn var fulltrúi við embætti bæjarfógetans á Sauðárkróki og sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu á árunum 1980–1983. Hann var fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík á árabílinu 1983–1985 og um eins og hálf mánaðar skeið fulltrúi bæjarfógetans á Ísafirði og sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu 1984–1985. Hann var settur sakadómari við embætti yfirsakadómarans í Reykjavík í átta mánuði árið 1985 og síðan skipaður sakadómari 1. desember 1986. Jafnframt var hann settur sýslumaður í Dalasýslu og Strandasýslu og bæjarfógeti í Neskaupstað að sumarlagi á

árunum 1984–1990. Þá var hann settur héraðsdómari við Héraðsdóm Vestfjarða sumarið 1992. Frá 1. júlí 1992 hefur hann verið skipaður héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur og verið dómstjóri þess dómstóls frá 1. júlí 2003. Hann hefur verið varaforseti Félagsdóms frá 2001 og verið dómsforseti í 22 málum. Hann var settur hæstaréttardómari frá 10. nóvember 2011 til 31. ágúst 2012, en hafði áður tekið sæti sem varadómari í réttinum í allnokkrum málum. Umsækjandinn var fulltrúi á lögmannsstofu í þrjá mánuði á árinu 1980. Þá var hann deildarstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu í ellefu mánuði árið 1986. Hann hefur átt sæti í dómstólaráði frá miðju ári 2003 og hefur frá 2006 verið varaformaður ráðsins og starfandi formaður þess um tæplega eins árs skeið 2009–2010. Hann hefur setið í gjafsóknarnefnd frá árinu 1999 og átti sæti í nefnd um dómarastörf 1998–2004. Þá hefur hann tekið sæti í áfrýjunarnefnd samkeppnismála í allmörgum málum, verið settur umboðsmaður Alþingis í þremur málum og formaður gerðardóma í fjórum málum. Hann var fulltrúi Íslands í sérfræðinefnd á vegum Evrópuráðsins um samræmingu refsinga milli landa á árunum 1990–1992. Umsækjandinn var stundakennari í refsirétti við lagadeild Háskóla Íslands árin 2001–2003. Þá hefur hann verið nokkrum sinnum prófdómari í almennri lögfræði við sömu deild og prófdómari vegna meistaraaritgerða á sviði refsiréttar. Hann hefur aðstoðað við kennslu í kjörgreininni *Hlutverk dómara og lögmannna við meðferð dómsmála* við deildina frá árinu 1999. Einnig hefur hann frá 2006 annast kennslu á námskeiðum til öflunar réttinda til málflutnings fyrir héraðsdómi þar sem kennsluefnið hefur verið munnlegur málflutningur og ýmis atriði er varða hegðun og framkomu lögmannna fyrir dómi. Jafnframt kenndi hann sambærilegt efni á námskeiði Lögmannafélags Íslands fyrir starfandi lögmennt 2011. Umsækjandinn hefur lagt fram þrjár birtar fræðigreinar með umsókn sinni og eru þær allar á sviði refsiréttar. Hann var í stjórn Dómarafélags Íslands 1992–2003, þar af varaformaður félagsins 1995–1999 og formaður þess 1999–2003. Þá sat hann í stjórn Lögfræðingafélags Íslands 1995–2010, þar af varaformaður félagsins 2005–2008 og formaður þess 2008–2010. Á þeim tíma, sem hann var í stjórn Dómarafélags Íslands, sótti hann þing Alþjóðasambands dómara og átti þar sæti í nefnd þar sem fjallað var um ýmis atriði á sviði refsiréttar og sakamálaréttarfars. Hann sótti einnig fundi Evrópusamtaka dómara og formanna dómarafélaganna á Norðurlöndum. Þá

tók hann árið 2011 sæti í ráðgjafarnefnd á vegum Evrópuráðsins þar sem fjallað er um ýmis málefni dómstóla. Loks hefur hann um árabíl setið í áfrýjunardómstóli Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands og áfrýjunardómstóli Handknattleikssambands Íslands.

Ingveldur Einarsdóttir er fædd 29. apríl 1959 og er því 53 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði vorið 1985 frá lagadeild Háskóla Íslands. Á árunum 1996–1997 stundaði hún nám í umhverfisrétti við lagadeild Uppsalaháskóla í Svíþjóð þaðan sem hún lauk prófi. Haustið 2011 lagði hún stund á nám í mannréttindum við lagadeild Oslóarháskóla. Fyrr á þessu ári sótti hún námskeið í Evrópurétti og EES-rétti sem og starfsmannarétti við lagadeild Háskóla Íslands. Að auki hefur hún setið fjölmörg námskeið um lögfræðileg efni á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands og annarra aðila, þ. á m. dómstólaráðs og Samstarfsnefndar um símenntun fyrir dómara á Norðurlöndum (SEND). Árið 1985 hóf umsækjandinn störf sem fulltrúi yfirborgarfélagans í Reykjavík og starfaði hjá því embætti til 1. júlí 1992 þegar hún varð dómarafulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur. Hún var sett borgarfélagi í fjóra mánuði árið 1991 og sett héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur um sex mánaða skeið 1995. Í byrjun árs 1999 var hún sett til að gegna embætti héraðsdómara. Hún var skipuð héraðsdómari við Héraðsdóm Suðurlands 10. nóvember 1999. Í sjö og hálfan mánuð 2001–2002 var hún sett dómstjóri þess dómstóls og gegndi síðan stöðu dómstjóra um fjögurra mánaða skeið 2003. Frá því í byrjun árs 2004 hefur hún verið héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur. Þá hefur hún í eitt skipti tekið sæti sem varadómari í Hæstarétti. Umsækjandinn var kennslustjóri við lagadeild Háskóla Íslands í sjö mánuði árið 1998 og starfaði síðan hjá umboðsmanni Alþingis á árunum 1998–1999. Hún hefur tekið sæti í áfrýjunarnefnd samkeppnismála í fjölmörgum málum, þ. á m. sem formaður nefndarinnar. Hún var formaður barnaverndarráðs á árunum 1997–2002. Þá hefur hún verið formaður kærufndar barnaverndarmála frá árinu 2004. Hún átti sæti í nefnd 2000–2009 sem annast prófraun fyrir umsækjendur um réttindi til að starfa sem héraðsdómsslögmenn. Þá sat hún í dómstólaráði árin 2000–2006, þar af sem varaformaður ráðsins 2003–2005 og formaður þess 2005–2006. Einnig hefur hún setið í ýmsum nefndum og starfshópum á vegum þess. Frá árinu 2006 hefur hún setið í áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema. Umsækjandinn sá

árin 1994–1995 um gerð raunhæfra verkefna við lagadeild Háskóla Íslands og annaðist kennslu í erfðarétti við hana 1999–2000. Hún hefur um árabíl verið prófdómari í réttarfari við deildina. Jafnframt hefur hún verið leiðbeinandi við gerð BA-ritgerðar við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Einnig hefur hún annast kennslu á námskeiði um árangursríkan málflutning á vegum Lögmannafélags Íslands. Í umsókn sinni greinir umsækjandinn frá tveimur greinum sem birtar hafa verið eftir hana í *Tímariti lögfræðinga*. Önnur þeirra er á sviði réttarfars, en hin á sviði barnaréttar. Auk þess hefur hún flutt nokkra fyrirlestra um lögfræði á opinberum vettvangi, m.a. á vegum dómstólaráðs, en einnig erlendis, þ. á m. hefur hún tvívegis flutt fræðileg erindi á Norræna lögfræðingafinginu. Umsækjandinn var formaður Dómarafélags Íslands á árunum 2009–2011 og sótti á þeim tíma þing á vegum Alþjóðasamtaka og Evrópusamtaka dómara. Árið 1997 vann hún, ásamt öðrum, að athugun á ákvörðun refsinga fyrir brot gegn tveimur ákvæðum almennra hegningarlaga á grundvelli hæstaréttardóma. Þá var hún árið 1998 skipuð í nefnd til að annast rannsókn á ákvörðun refsinga við líkamsárásam, kynferðisbrotum og fíkniefnabrotum. Rit um rannsókn þessa, *Ákvörðun refsingar*, var gefið út 2003. Árið 1999 var hún skipuð í nefnd til að endurskoða í heild sinni þágildandi lög um vernd barna og ungmenna. Í árslok 2008 var hún skipuð í nefnd til að fara yfir reglur þágildandi barnalaga um forsjá barna, búsetu og umgengni. Lauk nefndin störfum í byrjun árs 2010 og skilaði dómsmála- og mannréttindaráðherra tillögum sínum að breytingum á lögnum með frumvarpi og greinargerð.

5. Mat á umsækjendum

5.1. Menntun og framhaldsmenntun

Allir umsækjendur hafa lokið embættisprófi í lögfræði. Þær *Ása* og *Ingveldur* hafa lagt stund á framhaldsnám við erlenda háskóla. Hefur *Ása* til viðbótar embættisprófi lokið meistaraprófi í lögum frá Cambridgeháskóla og *Ingveldur* prófi í umhverfisrétti frá Uppsalaháskóla. *Arnfríður* hefur lokið diplómanámi í opinberri stjórnarsýslu og stjórnun við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands. Þá hafa þau *Arnfríður*, *Brynjar*, *Helgi* og *Ingveldur* sótt ýmis námskeið eftir embættispróf, eins og

að framan greinir, en *Benedikt* hefur ekki stundað skipulegt framhaldsnám að því loknu.

5.2. *Reynsla af dómstörfum*

Arnfríður starfaði sem fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík á árabílinu 1986–1992, síðustu árin sem aðalfulltrúi embættisins. Á árunum 1993–1998 var hún dómarafulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur, en eftir það aðstoðarmaður dómara við dómstólinn þar til hún var ráðin skrifstofustjóri hans 1999. Á árunum 1992–2006 var hún allnokkrum sinnum sett héraðsdómari eða samtals í tæp fjögur ár. Hún var skipuð héraðsdómari 1. febrúar 2006. Samkvæmt því hefur hún verið fulltrúi og aðstoðarmaður dómara í meira en 10 ár og héraðsdómari í tæp 11 ár, auk þess sem hún gegndi starfi skrifstofustjóra Héraðsdóms Reykjavíkur um árabíl. Frá því síðla árs 2010 hefur hún verið forseti Félagsdóms.

Ása hefur ekki fengist við dómstörf.

Benedikt var fulltrúi bæjarfógeta og sýslumanns á árunum 1990–1992 og síðan dómarafulltrúi við Héraðsdóm Reykjaness 1992–1995. Á árabílinu 1995–1997 var hann aðstoðarmaður hæstaréttardómara. Hann var skipaður héraðsdómari 1. júlí 2001 og frá 1. desember 2003 hefur hann verið dómstjóri Héraðsdóms Vesturlands. Þá hefur hann verið settur hæstaréttardómari frá 1. nóvember 2011. Hann hefur því verið fulltrúi dómara í nálega fimm ár, aðstoðarmaður hæstaréttardómara í tvö ár, héraðsdómari í rúm 10 ár og settur hæstaréttardómari í tæpt ár. Að auki hefur hann tekið sæti sem varadómari í Hæstarétti í allnokkrum málum. Hann hefur einnig tekið tvívegis sæti sem varadómari í EFTA-dómstólnum í Lúxemborg og setið sem dómari í Landsdómi.

Brynjar starfaði sem fulltrúi hjá yfirborgarfógetanum í Reykjavík á árabílinu 1986–1991. Á þeim tíma sinnti hann m.a. dómstörfum, jafnt í munnlega fluttum málum sem öðrum. Hann hefur því verið fulltrúi dómara í rúm fimm ár.

Helgi var fulltrúi bæjarfógeta og sýslumanns á árunum 1980–1983 og síðan um eins og hálf mánaðar skeið 1984–1985. Einnig var hann fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík á árabílinu 1983–1985. Á árunum 1984–1990 var hann settur sýslumaður og bæjarfógeti að sumarlagi. Hann var settur sakadómarari í átta mánuði árið 1985 og

síðan skipaður sakadómari 1. desember 1986. Hann var skipaður héraðsdómari 1. júlí 1992 og frá 1. júlí 2003 hefur hann verið dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur. Þá var hann settur hæstaréttardómari frá 10. nóvember 2011 til 31. ágúst 2012. Hann hefur því verið fulltrúi dómara í fjögur og hálf tætt ár, héraðsdómari í meira en 26 ár og settur hæstaréttardómari í tætt ár. Að auki hefur hann tekið sæti sem varadómari í réttinum í allnokkrum málum. Hann hefur verið varaforseti Félagsdóms frá 2001 og gegnt störfum forseta hans í allmörgum málum. Þá hefur hann verið formaður gerðardóms í fjórum málum.

Ingveldur starfaði sem fulltrúi yfirborgarfégetans í Reykjavík á árunum 1985–1992. Á árabílinu 1992–1997 var hún dómarafulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur. Hún var sett borgarfégeti í fjóra mánuði árið 1991 og síðan tvívegis sett héraðsdómari 1995 og 1999, samtals í tætt eitt og hálf tætt ár. Hún var skipuð héraðsdómari 10. nóvember 1999. Í sjö og hálfan mánuð 2001–2002 var hún sett dómstjóri Héraðsdóms Suðurlands og gegndi síðan stöðu dómstjóra við dómstólinn í fjóra mánuði 2003. Hún hefur því verið fulltrúi dómara í meira en 10 ár og héraðsdómari í tætt 15 ár. Að auki hefur hún í eitt skipti tekið sæti sem varadómari í Hæstarétti.

Samkvæmt framansögðu eru fjórir umsækjendur með viðamikla dómara-reynslu. Þegar lögð er saman reynsla þeirra af dómstörfum er *Helgi* með u.þ.b. 32 ár, *Ingveldur* með 25 ár, *Arnfríður* með 22 ár og *Benedikt* með 18 ár. Sé litið til þess hve lengi þau hafa starfað sjálfstætt að dómstörfum hefur *Helgi* gert það í nálega 27 ár, *Ingveldur* í 15 ár og *Arnfríður* og *Benedikt*, hvort um sig, í 11 ár, auk þess sem þau hafa öll fengist við önnur dómstörf en störf héraðsdómara eins og að framan greinir. Þá hefur *Brynjar* verið dómarafulltrúi í rúm fimm ár.

5.3. Reynsla af lögmannsstörfum

Ása starfaði sem fulltrúi á lögmannsstofu árin 1996–1997 og var síðan sjálfstætt starfandi lögmaður á árunum 1998–2011 eða í rúm 13 ár, þar af sem hæstaréttarlögmaður í rúm fimm ár. Þess ber að geta að síðustu tvö árin fékkst hún ekki við málflutning, heldur sinni ráðgjöf. Á lögmannsferli sínum flutti hún tugi einkamála, jafnt í héraði og fyrir Hæstarétti, auk þess sem hún var skipuð skiptastjóri við opinber skipti dánarbúa og við gjaldþrotaskipti. Þá kom hún einnig að

sakamálum, m.a. sem réttargæslumaður brotþola í fjölda sakamála, auk þess sem hún var einn lögmannna *Neyðarmóttöku vegna nauðgana* um fimm ára skeið.

Brynjar hefur verið sjálfstætt starfandi lögmaður frá árinu 1991 eða í 21 ár, þar af sem hæstaréttarlögmaður í rúm 14 ár. Á lögmannsferli sínum hefur hann annast flutning á hundruðum mála, jafnt í héraði og fyrir Hæstarétti þar sem hann hefur flutt tæplega 200 mál og hafa þau langflest verið munnlega flutt. Hann hefur fengist við fjölbreytt viðfangsefni sem lögmaður, þ. á m. flutt mál fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu. Þá hefur hann oftsinnis verið skipaður verjandi sakborninga við rannsókn og meðferð sakamála, m.a. nokkurra af stærstu og flóknustu efnahagsbrotamálum sem til rannsóknar hafa verið. Auk málflutnings hefur hann sinnt almennum lögmannstörfum og ráðgjöf, svo og margsinnis verið skipaður skiptastjóri, bæði í þrotabúum og dánarbúum, og umsjónarmaður með nauðasamningaumleitunum.

Helgi var fulltrúi á lögmannsstofu í þrjá mánuði á árinu 1980, en *Arnfríður*, *Benedikt* og *Ingveldur* hafa ekki fengist við lögmannsstörf.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, á *Brynjar* að baki 21 árs reynslu sem sjálfstætt starfandi lögmaður og málflytjandi. Samsvarandi reynsla Ásu spannar rúm 11 ár, auk þess sem hún hafði áður starfað skamman tíma sem lögmannsfulltrúi. Þegar borin er saman lögmannsreynsla þeirra ber jafnframt að líta til þess að hann hefur starfað sem hæstaréttarlögmaður í meira en 14 ár, en hún í rúm þrjú ár ef litið er framhjá þeim tíma sem hún sinnti ráðgjöf samhliða öðrum störfum.

5.4. *Reynsla af stjórnslustörfum*

Hér á eftir verða rakin helstu stjórnslustörf sem umsækjendur hafa haft með höndum.

Arnfríður starfaði í nokkra mánuði sem lögfræðingur í þinglýsingadeild embættis yfirborgarfégetans í Reykjavík á árinu 1986. Á árunum 1999–2004 gegndi hún starfi skrifstofustjóra Héraðsdóms Reykjavíkur samtals í nærfellt fjögur ár. *Arnfríður* átti sæti í úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar á árunum 1998–2010 þar sem hún kom að samningu úrskurða á vegum nefndarinnar sem einn þriggja nefndarmanna. Hún var formaður málskotsnefndar Lánasjóðs íslenskra námsmanna

árin 1997–2010 og hvíldi ábyrgð á stjórnun og skipulagi nefnarinnar á henni, þ. á m. samdi hún á þeim tíma fjölda úrskurða sem nefndin kvað upp. Á árabílinu 2006–2010 sat hún í dómstólaráði. Síðustu ár hefur hún verið fulltrúi Íslands í starfi nefndar á vegum Evrópuráðsins sem ber heitið *The European Commission for the Efficiency of Justice*.

Ása var aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra, síðar dómsmála- og mannréttindaráðherra, um eins og hálfis árs skeið á árunum 2009–2010 og tók á þeim tíma þátt í starfi ýmissa sérfræðihópa á vegum ráðuneytisins. Þannig átti hún sæti í stýrihópi um velferðarvaktina 2009 og var sama ár skipuð í starfshóp sem falið var að kanna hvort unnt væri að hefja og reka skaðabótamál á hendur lögaðilum eða einstaklingum sem hefðu valdið ríkinu eða almenningi í landinu fjárhagslegu tjóni með athöfnum sínum í aðdraganda og kjölfar bankahrunsins. Í umsókn hennar kemur fram að hún hafi í reynd starfað sem sérfræðingur í ráðuneytinu og veitt starfsfólki þess og annarra ráðuneyta ráðgjöf á sínu sérsviði. Ása var formaður áfrýjunarnefndar neytendamála á árunum 2005–2011 og hvíldi öll ábyrgð af stjórnun og skipulagi nefndarinnar á henni sem formanni, auk þess sem hún samdi drög að meginþorra af úrskurðum nefndarinnar þar sem hún naut ekki aðstoðar sérstaks starfsmanns. Árin 2003–2007 átti hún sæti í kærunefnd jafnréttismála. Frá árinu 2006 hefur hún verið varaformaður úrskurðarnefndar hollustuhátta og mengunarvarnamála, frá 2010 formaður úrskurðarnefndar um félagsþjónustu og húsnæðismál og frá 2011 varaformaður eftirlitsnefndar fasteignasala. Hefur hún ýmist samið eða komið að samningu úrskurða á vegum þessara stjórnsýslunefnda. Þá sat hún í yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar á árunum 2007–2009.

Benedikt hóf störf sem fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði og sýslumannsins í Kjósarsýslu árið 1990 og gegndi þeim til ársins 1992 þegar hann varð fulltrúi sýslumannsins í Hafnarfirði um tæplega hálfis árs skeið. Á árinu 1993 starfaði hann um tveggja mánaða skeið hjá umboðsmanni Alþingis. Á árunum 1997–2001 var hann skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og stýrði lagaskrifstofu ráðuneytisins. Benedikt hefur átt sæti í fjölmörgum nefndum á sviði réttarfars, refsiréttar, fjármunaréttar og barnaverndar. Hann var formaður nefndar samkvæmt lögum nr. 65/1996 um greiðsluáðlögun frá 1996–1998. Hann var einnig skipaður í norræna

nefnd sérfræðinga 2010 til að fjalla um hvort efni væru til að gera norrænan samning um skuldaaðlögun. Á árunum 1997–2012 var hann ritari réttarfarsnefndar, en er nú starfsmaður hennar. Hann átti sæti í dómstólaráði á árunum 2007–2012. Í apríl 2010 tók hann sæti í starfshópi til að gera tillögur að breytingum á sakamálaréttarfari og réttarreglum, því tengdu, með það að markmiði að hraða meðferð mála. Þá var hann í desember 2010 skipaður í vinnuhóp til að meta þörfina á því að koma á fót milli-dómstigi, sem tæki bæði til sakamála og einkamála, og skila tillögum þar að lútandi. Benedikt var formaður refsiréttarnefndar 1997–2003 og tók árið 1998 sæti í nefnd til að endurskoða þágildandi reglugerð um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum. Hann varð sama ár formaður samstarfsnefndar ráðuneyta til að fjalla um málefni ungra afbrotamanna og ritari nefndar til að gera tillögur um kerfisbundna skráningu tölfræðiupplýsinga um sakamál og rannsaka þróun viðurlaga tiltekinna brotategunda. Þegar hann starfaði sem skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, á árunum 1997–2001, tók hann þátt í starfi vinnuhóps norrænu dómsmálaráðuneytanna um refsirétt. Á sama tímabili sótti hann einnig árlega fundi stýrinefndar Evrópuráðsins um afbrotamálefni. Benedikt átti sæti í kærunefnd húsaleigumála á árabílinu 1995–2010. Árin 2001–2008 sat hann í skaðabótanefnd, sem starfaði á grundvelli laga um lagagildi varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, nr. 110/1951, þar af sem formaður hennar 2004–2008. Hann hefur, sem varamaður í óbyggðanefnd, tekið sæti í fjölda mála sem hafa verið til meðferðar hjá nefndinni frá árinu 2003. Benedikt sat í barnaverndarnefnd Reykjavíkur á árunum 1990–1998, þar af sem formaður nefndarinnar frá 1991. Frá 2002 hefur hann verið varaformaður kærunefndar barnaverndarmála og nokkrum sinnum tekið sæti í henni. Á árinu 2001 var hann skipaður í nefnd til að fylgja eftir umbótum á innleiðingu EES-gerða og vera til ráðgjafar um hvers kyns álitafni sem upp koma við lögleiðingu slíkra gerða. Þá var hann formaður endurskoðendaráðs árin 2003–2008 og formaður útvarpsréttarnefndar 2004–2011.

Brynjar starfaði sem fulltrúi hjá yfirborgarfégetanum í Reykjavík á árunum 1986–1991. Árin 2010–2012 sat hann í dómnefnd til að meta hæfni umsækjenda um embætti héraðs- og hæstaréttardómara. Þá átti hann sæti í yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis suður á árunum 2005–2009.

Helgi var fulltrúi við embætti bæjarfógetans á Sauðárkróki og sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu á árunum 1980–1983 og um eins og hálf mánaðar skeið fulltrúi bæjarfógetans á Ísafirði og sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu 1984–1985. Hann var deildarstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu í tæpt ár 1986. Meðal verkefna hans þar voru málefni dómstólanna og bæjarfógeta- og sýslumannsembætta, svo og gjafsóknarmál. Þá var hann settur sýslumaður og bæjarfógeti á nokkrum stöðum að sumarlagi á árunum 1984–1990. *Helgi* hefur átt sæti í dómstólaráði frá miðju ári 2003 og hefur frá 2006 verið varaformaður ráðsins og starfandi formaður þess um tæplega eins árs skeið 2009–2010. Hann hefur setið í gjafsóknarnefnd frá árinu 1999 og átti sæti í nefnd um dómarastörf á árunum 1998–2004. Hann var fulltrúi Íslands í sérfræðinefnd á vegum Evrópuráðsins um samræmingu refsinga milli landa á árunum 1990–1992. Þá hefur hann tekið sæti í áfrýjunarnefnd samkeppnismála í allmörgum málum og verið settur umboðsmaður Alþingis í þremur málum.

Ingveldur starfaði á árabílinu 1985–1992 sem fulltrúi yfirborgarfógetans í Reykjavík og síðan hjá umboðsmanni Alþingis á árunum 1998–1999. Hún var formaður barnaverndarráðs á árunum 1997–2002 og hefur verið formaður kærunefndar barnaverndarmála frá árinu 2004. Hefur það komið í hlut hennar að semja niðurstöðu svo til allra úrskurða ráðsins og nefndarinnar. *Ingveldur* átti á árunum 2000–2009 sæti í nefnd sem annast prófraun fyrir umsækjendur um réttindi til að starfa sem héraðsdómslögmennt. Hún sat í dómstólaráði árin 2000–2006, þar af sem varaformaður ráðsins 2003–2005 og formaður þess 2005–2006. Frá árinu 2006 hefur hún setið í áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema þar sem hún hefur samið fjölda úrskurða. Ennfremur hefur hún tekið sæti í áfrýjunarnefnd samkeppnismála í fjölmörgum málum, þ. á m. sem formaður nefndarinnar.

Eins og fram kemur í upptalningunni hér að framan hafa fimm umsækjenda verulega stjórnarsýslureynslu að baki þótt í misríkum mæli sé, þ. á m. hafa þau *Arnfríður*, *Ása*, *Benedikt* og *Ingveldur* öll gegnt um árabíl formennsku í úrskurðarnefndum á sviði stjórnarsýslunnar. Samkvæmt framansögðu verður að telja að *Benedikt*, sem gegndi starfi skrifstofustjóra í ráðuneyti í rúm fjögur ár, standi fremst að vígi varðandi reynslu af störfum í stjórnarsýslu. Á eftir honum kemur *Ása* sem var á árunum 2009–2010 aðstoðarmaður ráðherra í eitt og hálf ár. Þótt *Helgi* hafi á árinu

1986 verið skrifstofustjóri í ráðuneyti í tæpt ár verður ekki gert upp á milli stjórnsýslureynslu hans og þeirra *Arnfríðar* og *Ingveldar* þegar á heildina er litið, m.a. í ljósi þeirra fjölbreyttu starfa innan stjórnsýslunnar sem þær hafa fengist við. *Brynjar* hefur augljóslega minnsta reynslu umsækjenda á þessu sviði.

5.5. Reynsla af fræðistörfum o.fl.

5.5.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf

Arnfríður hefur ekki annast kennslu á háskólastigi eða fengist við önnur akademísk störf.

Ása hefur verið kennari við lagadeild Háskóla Íslands frá árinu 2004, þar af lektor í hlutastarfi á árunum 2006–2008, en síðan í fullu starfi frá 2008, að undanskildum þeim tíma meðan hún gegndi starfi aðstoðarmanns ráðherra. Kennslugreinar hennar hafa einkum verið á sviði réttarfars og fjármunaréttar, jafnt í grunnnámi sem meistaranámi, þar af hafa aðalkennslugreinarnar verið samningaréttur og skuldaskilaréttur. Auk þess hefur hún verið umsjónarmaður BA-ritgerða og leiðbeinandi fjölda nemenda við ritun meistararitgerða. Hún hefur einnig kennt við aðra háskóla, þ. á m. við Viðskiptaháskólann á Bifröst, Háskólann í Reykjavík og ULL-háskólann á Spáni fyrr á þessu ári. Þá hefur hún um árabil annast kennslu á námskeiðum til öflunar réttinda til málflutnings fyrir héraðsdómi, löggildingarnámskeiðum fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala, réttindanámskeiði fyrir þá, er öðlast vilja löggildinguna sem bifreiðasalar, og réttindanámskeiði fyrir löggildinguna verðbréfasala. Að auki hefur hún kennt á sérstöku réttindanámskeiði í rekstrar- og viðskiptafræðinámi Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands. *Ása* hefur ritrýnt fræðilega bókakafla og fræðigreinar sem birst hafa í *Lögréttu* og *Úlfjóti* og verið skipuð prófdómari við meistaraprófsvarnir við lagadeildir Háskólans á Bifröst og Háskólans í Reykjavík. Hún hefur unnið skýrslur og álit af ýmsum toga. Meðal annars samdi hún, ásamt öðrum, skýrslu fyrir hönd Lagastofnunar Háskóla Íslands um stöðu íslensks neytendaréttar og var skýrslan gefin út 2008 með heitinu *Ný sókn í neytendamálum. Staða neytenda á Íslandi*.

Benedikt hefur verið kennari við lagadeild Háskóla Íslands samfelld frá haustmisseri 1993. Hann var ráðinn aðjúnkt við deildina frá 1998, lektor í hlutastarf

2002 í þrjú ár og frá 2005 hefur hann verið í hálfu starfi sem dósent við deildina eða í rúmlega 6 ár. Kennslugreinar hans hafa verið á sviði kröfuréttar og réttarfars. Frá árinu 2003 hefur hann haft umsjón með kjörgreinunum *Fullnusturéttarfar* og *Skuldaskilaréttur* í meistaranámi. Þá hefur hann verið leiðbeinandi fjölda nemenda við ritun kandidats- og meistararitgerða. Einnig kenndi hann í nokkur skipti á árunum 1996–2002 reglur um kröfuábyrgðir á námskeiðum fyrir lögfræðinga og á námskeiðum til undirbúnings fyrir þá sem þreyttu próf til að öðlast starfsréttindi sem verðbréfamiðlarar á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands.

Brynjar var stundakennari í refsirétti og sakamálaréttarhari í meistaranámi við Háskólann á Bifröst á árunum 2007–2010. Hann hefur flutt fræðilega fyrirlestra við lagadeildir Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík og Háskólans á Akureyri. Einnig hefur hann verið leiðbeinandi og prófdómari við ritun BA-ritgerða og meistararitgerða. Þá hefur hann kennt sakamálaréttarfar á námskeiðum til öflunar réttinda til málflutnings fyrir héraðsdómi og annast kennslu á námskeiði á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands um skipti á dánarbúum.

Helgi var stundarkennari í refsirétti við lagadeild Háskóla Íslands árin 2001–2003. Þá hefur hann verið nokkrum sinnum prófdómari í almennri lögfræði við sömu deild og prófdómari vegna meistararitgerða á sviði refsiréttar. Hann hefur aðstoðað við kennslu í kjörgreininni *Hlutverk dómara og lögmannna við meðferð dómsmála* við deildina frá árinu 1999. Einnig hefur hann frá 2006 annast kennslu á námskeiðum til öflunar réttinda til málflutnings fyrir héraðsdómi þar sem kennsluefnið hefur verið munnlegur málflutningur og ýmis atriði er varða hegðun og framkomu lögmannna fyrir dómi.

Ingveldur var kennslustjóri við lagadeild Háskóla Íslands í sjö mánuði árið 1998. Hún sá árin 1994–1995 um gerð raunhæfra verkefna við deildina og annaðist kennslu í erfðarétti við hana 1999–2000. Hún hefur um árabil verið prófdómari í réttarhari við sömu deild. Jafnframt hefur hún verið leiðbeinandi við gerð BA-ritgerðar við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

Af framansögðu er ljóst að Ása og *Benedikt* hafa sérstöðu meðal umsækjenda að því er varðar reynslu af kennslu í lögfræði á háskólastigi. *Benedikt* hefur fengist mun lengur við slíka kennslu, fyrst sem stundakennari og síðar sem lektor og dósent

í hlutastarfi við lagadeild Háskóla Íslands. Ása hóf kennslu sem stundakennari, síðar sem lektor í hlutastarfi og síðustu árin hefur hún verið lektor í fullu starfi við deildina. Þegar virt er allt það, sem að framan greinir, er ekki ástæða til að gera upp á milli þeirra tveggja á því sviði sem hér um ræðir. Í samanburði við reynslu þeirra verður kennslureynsla *Brynjars* og *Helga* að teljast mun minni. Þá hefur *Ingveldur* litla reynslu af kennslu á háskólastigi, en gegndi starfi kennslustjóra lagadeildar um nokkurra mánaða skeið árið 1998.

5.5.2. Útgefnar greinar og bækur, fræðilegir fyrirlestrar o.fl.

Arnfríður og *Brynjar* hafa ekki fengist við fræðiskrif á sviði lögfræði, en aðrir umsækjendur hafa gert það þótt í mismiklum mæli sé.

Ása er meðhöfundur tveggja útgefinna ritverka á sviði lögfræði og hefur birt níu greinar um lögfræðileg efni í tímaritum, þar af eina grein í norrænu tímariti, safnritum og afmælisritum. Bækurnar eru (1) *Neytendaréttur* (2009), samin ásamt Eiríki Jónssyni, og (2) *Handbók um gjaldprotaskipti* (2011), en um er að ræða 2. útgáfu af því riti sem upphaflega var samið af Markúsi Sigurbjörnssyni. Fyrri bókin er sú fyrsta sem gefin er út hér á landi og fjallar sérstaklega um neytendarétt. Af þeim sökum verður hún að teljast merkt framlag til íslenskrar lögfræði. Bókin ber þess merki að vera yfirlitsrit og þar af leiðandi eru ýmis álitaefni á þessu réttarsviði ekki brotin til mergjar. Síðari bókin, sem gefin hefur verið út sem kennslurit, er sem fyrr segir uppfærð útgáfa af bók sem hafði upphaflega hafði verið samin af öðrum. Þótt að baki endurskoðun ritsins búi mikil og vönduð rannsóknavinna getur hún ekki talist frumleg og hefur því takmarkað vísindalegt gildi. Í umsókn Ásu segir að hún hafi birt níu greinar um lögfræði í tímaritum, þar af eina grein í norrænu tímariti, safnritum og afmælisritum og eru sex af þeim ritrýndar. Fjórar greinanna eru á sviði samningaréttar, þrjár á sviði skuldaskilaréttar, ein á sviði refsiréttar og skaðabótaréttar og loks ein, „Réttaráhrif varnarþingssamninga samkvæmt 1. mgr. 17. gr. Lúganósamningsins“ (2011), sem er á mörkum alþjóðlegs einkamálaréttar og réttarfars. Þessi síðastnefnda grein fjallar um flókið úrlausnarefni sem gerð eru góð skil. Hún hefur því bæði fræðilegt og hagnýtt gildi. Hið sama má segja um sumar af öðrum greinum Ásu, svo sem „Meginregla íslensks samningaréttar um rangar

forsendur og endurreikningur ólögmaetra gengislána" (2012), en sú grein hefur einnig birst á ensku í norrænu tímariti. Uppistaðan í ýmsum öðrum greinum hennar eru dómur, sem gengið hafa á tilteknum réttarsviðum, og skýring þeirra. Hafa þær greinar fyrst og fremst hagnýtt gildi, m.a. fyrir dómara og lögmenn. Að álit dómnefndar bera ritsmíðar Ásu vott um hæfileika hennar til að greina og leysa úr lögfræðilega torleystum álitaeftum á ólíkum réttarsviðum. Loks hefur Ása haldið átján fyrirlestra á fundum, ráðstefnum og málþingum.

Benedikt er höfundur og meðhöfundur þriggja útgefna ritverka á sviði lögfræði og hefur birt 13 ritgerðir og greinar um lögfræði í tímaritum, safnritum, afmælis- og vísindaritum og útgefnum skýrslum. Bækurnar eru (1) *Dómur um kröfuábyrgð 1886–2003* (2004), (2) *Kröfuréttur I – Eftir kröfu* (2009) og (3) *Kröfuréttur II – Vanefndaúrræði* (2012), en tvær þær síðastnefndu eru samdar ásamt Þorgeiri Örlygssyni og Eyvindi G. Gunnarssyni. Í formála *Kröfuréttar I* er þess getið að af sjö köflum bókarinnar hafi Benedikt ritað 6. kafla um réttarlegar kröfur til greiðslu og í formála *Kröfuréttar II* að af tíu köflum hennar hafi hann ritað 11. og 16. kafla um rétt til að halda eigin greiðslu og viðtökudrátt. Að baki umræddum tveimur ritum liggja augljóslega umfangsmiklar rannsóknir og virðist óhætt að fullyrða að það hafi að geyma bæði sjálfstætt vísindalegt framlag og raunhæfa þýðingu fyrir lögfræðinga, m.a. dómara og lögmenn. Í umsókn Benedikts kemur fram að hann hefur birt 13 greinar um lögfræði í tímaritum, safnritum, afmælisritum og útgefnum skýrslum og eru fjórar af þeim ritrýndar. Sex greinanna eru á sviði kröfuréttar, þrjár á sviði refsiréttar og fjórar á sviði réttarfars. Eftirtaldir þrjár greinar hans: „Um kröfuábyrgð, stofnun og ógildi“ (1997), „Skuldbinding ábyrgðarmanns samkvæmt kröfuábyrgð“ (2000) og „Lok kröfuábyrgðar“ (2006), ásamt fyrrnefndu riti „Dómur um kröfuábyrgð 1886 – 2003“ (2004), fjalla öll um kröfuábyrgð og vantar ekki mikið upp á að þar sé um að ræða heildstæða umfjöllun um íslenskan rétt um þetta mikilsverða svið kröfuréttarins. Dómnefnd lítur svo á að rannsóknir, sem birtast í skrifum Benedikts, hafi að geyma ótvírætt fræðilegt framlag og hafi að auki hagnýtt gildi fyrir lögfræðinga. Verður að telja þær bækur um kröfurétt, sem hann hefur samið ásamt öðrum, grundvallarrit á þessu mikilvæga fræðasviði íslenskrar lögfræði. Loks hefur Benedikt haldið fjóra fyrirlestra og erindi á fundum, ráðstefnum og málþingum.

Helgi er höfundur þriggja fræðigreina sem birst hafa og eru allar á sviði refsiréttar. Er ein þeirra ritrýnd. Grein hans, „Heimildir dómstóla til að beita ólög-mæltum meginreglum við ákvörðun refsinga“ (2007), hefur að geyma niðurstöður rannsókna hans á réttarframkvæmd á ólögbundnum meginreglum, fordæmum og dómvenjum sem litið er til við ákvörðun refsingar. Greinin felur í sér fræðilegt framlag og hefur hagnýtt gildi fyrir dómara og lögmenn í störfum þeirra. Þá setur hann fram rökstudda gagnrýni í greininni „Samfélagsþjónusta“ (1998) um að sú tilhögun, sem tíðkast hefur hér á landi, að stjórnvöldum sé veitt heimild til að breyta niðurstöðum dómstóla um óskilorðsbundna refsingu kunní að fela í sér brot á fyrirmælum stjórnarskrárinnar um þrískiptingu ríkisvaldsins.

Ingveldur er höfundur tveggja fræðigreina sem birst hafa. Er önnur þeirra á sviði réttarfars, en hin á sviði barnaréttar. Síðari greinin, „Forsjársvipting samkvæmt 25. gr. barnaverndarlaga“ (1999), fjallar um skilyrði forsjársviptingar samkvæmt þessu lagaákvæði og eru þar reifaðir nokkrir íslenskir og norskir dómar til skýringar á viðfangsefninu. Greinin ber vott um staðgóða þekkingu á réttarsviðinu og hefur ótvírætt gildi fyrir lögfræðinga, m.a. dómara og lögmenn. Þá hefur Ingveldur flutt fyrirlestra um lögfræði á opinberum vettvangi, þ. á m. hefur hún tvívegis flutt fræðileg erindi á Norræna lögfræðingapínginu.

Þegar litið er til þeirra fræðirita og fræðigreina, sem komið hafa út eftir *Ásu* og *Benedikt* og gerð er grein fyrir hér að framan, skara þau fram úr á þessu sviði. Þó verður að telja að vegna umfangsmikilla skrifa hans á sviði kröfuréttar standi hann henni nokkru framar. Á eftir þeim kemur *Helgi* og síðan *Ingveldur*.

5.6. *Reynsla af stjórnun*

Hér á eftir verða rakin helstu stjórnunarstörf sem umsækjendur hafa haft með höndum.

Arnfríður var skrifstofustjóri Héraðsdóms Reykjavíkur samtals í nærfellt fjögur ár á árunum 1999–2004. Frá því síðla árs 2010 hefur hún verið forseti Félagsdóms. Hún var formaður málskotsnefndar Lánasjóðs íslenskra námsmanna árin 1997–2010.

Ása rak lögmannsstofu á árunum 1998–2009 í félagi við aðra. Árin 2005–2011 var hún formaður áfrýjunarnefndar neytendamála og frá árinu 2010 hefur hún verið formaður úrskurðarnefndar um félagsþjónustu og húsnæðismál. Þá var henni fyrr á þessu ári falið að stýra IMMI verkefninu á grundvelli þingsályktunar Alþingis um tjáningarfrelsi.

Benedikt var skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og stýrði lagaskrifstofu ráðuneytisins á árunum 1997–2001. Hann hefur verið dómstjóri Héraðsdóms Vesturlands frá 1. desember 2003 þótt hann hafi verið í leyfi frá því starfi frá 1. nóvember 2011. Hann var formaður barnaverndarnefndar Reykjavíkur árin 1991–1998 og formaður nefndar samkvæmt lögum nr. 65/1996 um greiðsluáðlgun 1996–1998. Árin 2004–2008 var hann formaður skaðabótanefndar, sem starfaði á grundvelli laga um lagagildi varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, nr. 110/1951. Hann var formaður útvarpsréttarnefndar á árunum 2004–2011 og formaður stjórnar Félagsstofnunar stúdenta 1990–1992. Hann hefur verið formaður skólanefndar Menntaskólans við Hamrahlíð frá árslokum 2000. Þá var hann formaður Lögfræðingafélags Íslands á árabílinu 2005–2008.

Brynjar hefur rekið eigin lögmannsstofu, ýmist einn eða í samstarfi við aðra, frá árinu 1991. Hann var formaður Lögmannafélags Íslands á árunum 2010–2012.

Helgi hefur verið dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur frá árinu 2003 og gegnt því starfi í rúm átta ár, ef tekið er tillit til þess að hann var settur hæstaréttardómari og því leyfi frá starfi dómstjóra frá 10. nóvember 2011 til 31. ágúst 2012. Þá var hann starfandi formaður dómstólaráðs um tæplega eins árs skeið 2009–2010. Hann var formaður Dómarafélags Íslands á árunum 1999–2003 og formaður Lögfræðingafélags Íslands 2008–2010.

Ingveldur gegndi stöðu dómstjóra Héraðsdóms Suðurlands samtals í tæpt ár á árabílinu 2001–2003. Hún var formaður barnaverndarráðs á árunum 1997–2002 og hefur verið formaður kærunefndar barnaverndarmála frá árinu 2004. Þá var hún formaður dómstólaráðs árin 2005–2006 og formaður Dómarafélags Íslands 2009–2011.

Þegar litið er til þess að *Helgi* hefur gegnt starfi dómstjóra við langstærsta héraðsdómstól landsins um langt árabíll þar sem stjórnun er snar þáttur í starfinu

hefur hann að mati dómnefndar algjöra sérstöðu meðal umsækjenda að því er varðar stjórnunarreynslu sem nýtast kann í embætti hæstaréttardómara. Að teknu tilliti til þess verður að telja reynslu annarra umsækjenda af stjórnun takmarkaða í þeim samanburði þótt vissulega búi þeir allir að nokkurri reynslu á því sviði.

5.7. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.

Ekki kemur fram í umsókn *Arnfríðar* að hún hafi samið eða komið að samningu lagafrumvarpa.

Ása getur um fimm lagafrumvörp, sem hún hafi samið, ýmist ein eða ásamt öðrum. Þá tók hún sæti í réttarfarsnefnd fyrir á þessu ári og hefur hún oft komið fyrir nefndir Alþingis, fyrir hönd nefndarinnar, og veitt álit á frumvörpum sem varða réttarfar. Einnig hefur hún margsinnis komið fyrir þingnefndir sem sérfræðingur og veitt álit á ýmsum þingmálum. Þá situr hún í ritstjórn Lagasafns og hefur verið ritstjóri þess frá árinu 2011.

Benedikt getur um 17 lagafrumvörp sem hann hafi samið og er þar bæði um að ræða frumvörp sem hann hefur samið á vegum nefnda, svo og frumvörp sem honum hefur einum verið falið að semja. Þá nefnir hann 11 frumvörp sem samin hafa verið á vegum nefnda er hann hefur átt sæti í og hann tekið þátt í að semja með öðrum. Loks hefur hann verið formaður þriggja nefnda sem samið hafa lagafrumvörp

Brynjar lætur þess getið að hann hafi ásamt öðrum verið þáverandi dómsmálaráðherra til ráðgjafar vegna frumvarps til laga um meðferð sakamála. Þá hafi hann komið að samningu annars lagafrumvarps.

Helgi nefnir að hann hafi komið að umsögnum um fjölmörg lagafrumvörp, fyrir hönd ýmissa aðila.

Ingveldur lætur þess getið að hún átt sæti í tveimur nefndum sem sömdu tvö viðamikil lagafrumvörp. Þá hafi hún samið fjölmargar umsagnir um lagafrumvörp og oftsinnis komið fyrir nefndir Alþingis til að veita álit á frumvörpum.

Samkvæmt þessu hefur *Benedikt* mesta reynslu umsækjenda af viðfangsefnum á þessu sviði, en næst honum kemur *Ása*.

5.8. Almenn starfshæfni og andlegt atgerði

Í 3. tölul. 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að við mat á almennri starfshæfni skuli litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá kemur fram að umsækjandi skuli hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti. Ennfremur er tekið fram í 5. tölul. 4. gr. reglnanna að umsækjandi þurfi að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð sé krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.

Í auglýsingu um hin lausu dómaraembætti var óskað eftir því að umsækjendur tilnefndu þrjá meðmælendur. Í 5. gr. reglna nr. 620/2010 kemur fram að dómnefnd geti aflað vitneskju um starfsferil umsækjanda hjá fyrri vinnuveitendum hans og öðrum sem átt hafi samskipti við umsækjanda vegna starfa hans.

Sem fyrr segir leitaði dómnefnd eftir umsögnum þeirra, er umsækjendur höfðu tilnefnt sem meðmælendur, en þeir eru: Friðgeir Björnsson, fyrrverandi dómstjóri, Greta Baldursdóttir, hæstaréttardómari og Karl Sigurbjörnsson, fyrrverandi biskup Íslands, sem gáfu umsögn um Arnfríði Einarsdóttur, Gizur Bergsteins-son, hæstaréttarlögmaður, Jóhann Hinrik Níelsson, hæstaréttarlögmaður og Ragna Árnadóttir, aðstoðarforstjóri, um Ásu Ólafsdóttur, Björg Thorarensen, prófessor, Garðar Gíslason, hæstaréttardómari og Valtýr Sigurðsson, hæstaréttarlögmaður, um Benedikt Bogason, Ragnar Halldór Hall, hæstaréttarlögmaður, Sigurmar K. Albertsson, hæstaréttarlögmaður og Valtýr Sigurðsson, hæstaréttarlögmaður, um Brynjar Níelsson, Friðgeir Björnsson, fyrrverandi dómstjóri, Garðar Gíslason, hæstaréttardómari og Hjördís Björk Hákonardóttir, fyrrverandi hæstaréttardómari, um Helga I. Jónsson og Friðgeir Björnsson, fyrrverandi dómstjóri, Guðrún Erna Hreiðarsdóttir, lögfræðingur og Sigurður Tómas Magnússon, prófessor, um Ingveldi Einarsdóttur.

Dómnefnd hefur haft umsagnir þessara meðmælenda, sem allar eru jákvæðar í garð hlutaðeigandi umsækjenda, til hliðsjónar við mat sitt. Af umsögnunum verður ráðið að allir umsækjendur uppfylli þær lágmarkskröfur sem gera verður samkvæmt

3. tölul. 4. gr. reglna nr. 620/2010. Einnig kom þar fram að reglusemi umsækjenda væri ekki ábótavant.

5.9. Sérstök starfshæfni

Í 4. tölul. 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að mikilvægt sé að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum er fengin, bæði fljótt og af öryggi.

5.9.1. Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu

Dómnefnd telur að þegar metið er hvort umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu skipti einkum máli reynsla af dóms- og málflutningsstörfum auk framlags í formi kennslu og fræðiskrifa. Nefndin telur einnig eðlilegt að hafa hliðsjón af þekkingu umsækjenda af öðrum sviðum réttarfars.

Allir umsækjendur, að Ásu undanskilinni, hafa langa starfsreynslu að baki sem héraðsdómarar eða hæstaréttarlögmenn. Þó hefur hún ásamt *Benedikt* þá sérstöðu, í samanburði við aðra umsækjendur, að hafa annast umfangsmikla kennslu í réttarfari, jafnt í grunnnámi sem meistaranámi, og fengist við fræðiskrif um réttarfar, svo sem rakið er í köflum 5.5.1. og 5.5.2. Þótt *Brynjar*, *Helgi* og *Ingveldur* hafi öll haft með höndum kennslu eða verið prófdómarar á sviði réttarfars vegur það ekki þungt í samanburði við kennslu og fræðileg framlög hinna tveggja.

Að framansögðu virtu er það mat dómnefndar að *Benedikt* standi fremst, að því er þennan þátt varðar, en telur annars ekki ástæðu til að gera upp á milli annarra umsækjenda hvað varðar kunnáttu í einkamála- og sakamálaréttarfari og færni við að beita réttarfarsreglum í störfum hæstaréttardómara.

5.9.2. Að umsækjandi geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli.

Í 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er að finna ákvæði um samningu dóma. Þar segir í d.-f. liðum 1. mgr. að greina skuli í forsendum stutt

yfirlit um atvik að baki máli og ágreiningsefni í því, helstu málsástæður aðila og réttarheimildir sem þeir byggja á og rökstudda niðurstöðu um sönnunatriði og lagaatriði. Í 3. mgr. sömu greinar er síðan sagt að dómur skuli vera stuttur og glöggur. Ákvæði 183. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála eru svipuð að þessu leyti. Þá er og ljóst að þingmálið er íslenska og því leiðir krafa um að dómur geti ritað dóma á góðri íslensku.

Dómnefnd telur mikilvægt að þær meginreglur sem fyrrgreind ákvæði endurspeglu séu hafðar í heiðri við samningu dóma og að dómaraefni til embættis hæstaréttardómara hafi þær vel á valdi sínu. Er einkum nauðsynlegt að málsástæðum og lagarökum aðila séu gerð skil og að fram fari skýr og gagnorð greining á sönnunatriðum og lagaatriðum hvers máls. Að mati nefndarinnar leiðir einnig af fyrrgreindum lagaákvæðum að dómari skal setja fram röksemdir sínar með hlutlægum hætti og forðast stóryrði og athugasemdir sem ekki hafa þýðingu fyrir úrslit þess sakarefnis sem til úrlausnar er. Sé rétt á þessu haldið telst það mikilsverð vísending um góða hæfni til að sinna dómastörfum. Verða þessi sjónarmið lögð hér til grundvallar.

Dómnefnd hefur valið þá aðferð að fara yfir alla þá dóma sem þau *Arnfríður, Benedikt, Helgi* og *Ingveldur* lögðu sjálf fram með hliðsjón af fyrrgreindum meginreglum.

Brynjar hefur ekki stundað dómstörf að ráði, en hins vegar starfað sem lögmaður. Þar af leiðandi hefur dómnefnd farið yfir þær stefnur og greinargerðir sem fylgdu umsókn hans, með hliðsjón af þeim meginreglum sem áður eru greindar. Í sama skyni hefur nefndin farið yfir þá stjórnsluúrskurði sem fylgdu umsókn *Ásu*.

Það er niðurstaða dómnefndarinnar, miðað við þessa yfirferð og forsendur, að umsækjendur standi allir jafnt að vígi, að því er varðar hæfni við samningu dóma.

5.9.3. Að umsækjandi geti stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum er fengin bæði fljótt og af öryggi.

Dómnefnd telur að ályktun um þessi atriði verði dregin út frá þeim dómastörfum og öðrum störfum sem umsækjendur hafa innt af hendi á liðnum árum og nánar er gerð grein fyrir í kafla 4. Niðurstaða nefndarinnar er sú að allir

umsækjendur séu hæfir til þess að stjórna þinghöldum af röggsemi og sanngirni og að afgreiða þau mál sem þeim eru fengin bæði fljótt og af öryggi. Telur nefndin að ekki sé tilefni til að gera mun á umsækjendum að þessu leyti.

6. Niðurstaða dómnefndar

Hér að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem dómnefnd ber að líta til við störf sín skv. 4. gr. reglna nr. 620/2010. Þessi sjónarmið hljóta eðli máls samkvæmt að hafa ólíkt vægi innbyrðis. Samkvæmt 7. tölul. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 15/1998 er það gert að skilyrði þess að mann megi skipa í embætti hæstaréttardómara að hann hafi starfað í minnst þrjú ár sem héraðsdómari, hæstaréttarlögmaður eða prófessor í lögum ellegar gegnt um jafn langan tíma embættum, sem þar eru upp talin, þ. á m. embætti skrifstofustjóra í ráðuneyti, eða öðrum líkum störfum sem veita hliðstæða lögfræðilega reynslu. Með vísun til þessa lagaákvæðis hlýtur reynsla af því að hafa gegnt þessum tilteknu störfum að vega þyngst af þeim þáttum, sem hér um ræðir, enda þótt sú starfsreynsla geti ekki, fremur en aðrir þættir, ráðið ein niðurstöðu við mat á hæfni umsækjenda.

Þótt almennt verði að telja umsækjanda til tekna að hafa fjölbreytta reynslu, svo sem að hafa fengist við kennslu og fræðiskrif á sviði lögfræði samhliða því að hafa aflað sér starfsreynslu sem dómari eða lögmaður, er meginmarkmiðið með störfum dómnefndar að finna hæfasta og besta lögfræðinginn sem sótt hefur um til að gegna starfi dómara við Hæstarétt Íslands. Niðurstaða dómnefndar er því byggð á heildstæðu mati á verðleikum umsækjenda og skiptir þar mestu máli að umsækjandinn hafi til að bera bæði almenna og víðtæka lögfræðilega menntun, þekkingu og færni. Farsæl starfsreynsla og fjölbreytileiki hennar getur gefið mikilsverðar vísbendingar í því efni, en þar koma þó önnur atriði einnig til álita, ekki síst reynsla af lögfræðilegri greiningu. Dómnefnd hefur í mati sínu á hæfni umsækjenda, rétt eins í og fyrri álitum, gætt þess að fara ekki út í alltof nákvæmt mat vegna þess að afar erfitt er að halda samræmi þegar svo er að verki staðið þar sem matsgrundvöllurinn er bæði fjölbreyttur og margbrotinn.

Mat dómnefndar er byggt á öllum þeim þáttum sem raktir hafa verið hér að framan í köflum 5.1.-5.9. Jafnframt hefur nefndin haft til hliðsjónar fyrri umsagnir

sínar, en hún áður metið hæfni tveggja þeirra sem nú sækja um embætti hæstaréttardómara.

Með skírskotun til alls þess, sem að framan greinir, er það niðurstaða dómnefndar að Benedikt Bogason og Helgi I. Jónsson séu hæfastir umsækjenda til að gegna embætti hæstaréttardómara. Helgi hefur starfað mun lengur sem héraðsdómari en aðrir umsækjendur er starfað hafa sem héraðsdómarar eða hæstaréttarlögmenn. Þá hefur hann í rúm átta ár verið dómstjóri við langstærsta héraðsdómstól landsins. Benedikt hefur langa starfsreynslu að baki sem héraðsdómari og skrifstofustjóri í ráðuneyti. Einnig stendur hann öðrum umsækjendum framur þegar litið er til ýmissa annarra þátta, svo sem fræðiskrifa og samningu lagafrumvarpa. Loks skiptir máli í þessu sambandi að þeir Benedikt og Helgi hafa starfað sem settir hæstaréttardómarar í tæpt ár. Ekki eru hins vegar efni til að greina á milli hæfni þeirra til að gegna embætti hæstaréttardómara.

Með vísun til 4. gr. a laga nr. 15/1998, þar sem fram kemur að í umsögn dómnefndar skuli tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta það embætti, sem auglýst er laust til umsóknar hverju sinni, er ekki ástæða til að gera upp á milli hæfni annarra umsækjenda til að gegna embætti hæstaréttardómara.

Ályktarorð:

Með vísun til 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998 um dómstóla, með síðari breytingum, er það niðurstaða dómnefndar að Benedikt Bogason og Helgi I. Jónsson séu hæfastir til að hljóta embætti hæstaréttardómara sem auglýst voru laus til umsóknar 5. júlí 2012 í Lögbirtingablaði. Ekki eru efni til að greina á milli hæfni þeirra tveggja til að gegna embætti hæstaréttardómara.

Reykjavík, 20. september 2012.

Eiríkur Tómasson

Allan V. Magnússon

Guðrún Agnarsdóttir

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Skarphéðinn Þórisson